

54. fundur Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd haldinn Strandgötu 38, mánudaginn 9. ágúst 2021 og hófst hann kl. 17:00.

Fundinn sátu:

Einir Steinn Björnsson (ESB), Aðalsteinn Magnússon (AM), Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ), Sigurvin Hreiðarsson (SH), Jóhann Birkir Helgason (JBH) og Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG).

Fundargerð ritaði: Einir Steinn Björnsson, Formaður

Dagskrá:

1. Afgösunarhús, umsókn um byggingarleyfi - 2107043

Tekin fyrir umsókn frá Jóni Grétari Magnússyni fyrir hönd Arnarlax hf dags. 15. júlí 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja hús fyrir afgösunarbúnað á borholuvatni á Eysteinsyri.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir erndið og felur byggingarfulltrúa að veita byggingarleyfi.

2. Vatnslögn frá Tunguvirkjun inn á Hvítalæk - 2106247

Tekið fyrir erindi frá Tungusilung dags. 27.06.2021 er varðar lagningu vatnslagnar frá Tunguvirkjun inn að fiskeldi við Hvítalæk. Um er að ræða ca. 700 metra langa vatnslögn, 650 m eru á sjávarbotni.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd tekur jákvætt í erindið en bendir á að lögnin getur verið fyrir framtíðarskipulagi hafnarinnar. Nefndin vísar málinu til hafnarnefndar til umsagnar.

3. Erindi vegna Strandgötu 25 - 2105116

Tekið fyrir erindi frá Jóni Steindórssyni fyrir hönd Kletts-Skipaafgreiðslu og systurfélagi þess, Skipaafgreiðsla-Vestfjarða dags. 14. maí 2021 þar sem sótt er um breytingu á notkun hússins við Strandgötu 25.

Óskað er eftir að aðstaða á þriðju hæð hússins verði nýtt sem gístaðstaða fyrir starfsmenn félagsins.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd bendir á að umrætt húsnæði er á skipulögðu hafnarsvæði og ekki gert ráð fyrir breytingum á því. Erindinu er því hafnað.

Sigurvin Hreiðarsson vikur af fundi.

4. Lóð stærð lóðar við Dunhaga - 1905085

Tekið fyrir tillaga að staðsetningu spennistöðvar Orkubús Vestfjarða við Dunhaga dags. 2. júlí 2021, unnið af byggingarfulltrúa.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillaga byggingarfulltrúa að lóð fyrir spennistöð OV verði samþykkt.

54. fundur
13.08.2021

Sigurvin Hreiðarsson kemur inn á fundinn.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:00.

Einir Steinn Björnsson (ESB)

Aðalsteinn Magnússon (AM)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)

Sigurvin Hreiðarsson (SH)

Jóhann Birkir Helgason (JBH)

Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG)